

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 17/2001

frá 28. febrúar 2001

um breytingu á X. viðauka (Hljóð- og myndmiðlun)
og XI. viðauka (Fjarskiptþjónusta)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) X. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 32/2000 frá 31. mars 2000⁽¹⁾.
- 2) XI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 108/2000 frá 30. nóvember 2000⁽²⁾.
- 3) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/84/EB frá 20. nóvember 1998 um lögvernd þjónustu sem byggist á eða hefur í sér fölginn skilyrtan aðgang⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 1a (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/47/EB) í X. viðauka við samninginn:

„1b. **398 L 0084:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/84/EB frá 20. nóvember 1998 um lögvernd þjónustu sem byggist á eða hefur í sér fölginn skilyrtan aðgang (Stjtið. EB L 320, 28.11.1998, bls. 54).“

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 141, 15.6.2000, bls. 57 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 27, 15.6.2000, bls. 11.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 45, 15.2.2001, bls. 47 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 8, 15.2.2001, bls. 47.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 320, 28.11.1998, bls. 54.

2. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 5i (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/34/EB) í XI. viðauka við samninginn:

„5j. **398 L 0084**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/84/EB frá 20 nóvember 1998 um lögvernd þjónustu sem byggist á eða hefur í sér fölginn skilyrtan aðgang (Stjtið. EB L 320, 28.11.1998, bls. 54).“

3. gr.

Texti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/84/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. mars 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 28. febrúar 2001.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

P. Westerlund

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

P.K. Mannes M. Brinkmann